



Fundargerð

Fundur í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 7. desember 2015 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson og Egill Sigurgeirsson. Rebekka Eiríksdóttir boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.
Formaður innti eftir öðrum málum á dagskrá, ekkert mál barst. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 5. október 2015.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1511004 – Fjárhagsáætlun 2016-2019.

Farið yfir fjárhagsáætlun vegna skipulags- og gatnamála. Fjárhagsáætlun Reykhólahafnar, Reykhólaveitna og Leiguíbúða Reykhólahrepps. Nefndin vill auka framlag til kaupa á nýrri loftmynd fyrir þorpið á Reykhólum og nágrenni á 200 þús. Samþykkt samhljóða. Fjárhagsáætlun að öðru leyti samþykkt samhljóða.

3. 1501010 – Deiliskipulag athafnalóða á Tröllenda í Flatey.

*Athugasemdir bárust frá eftirfarandi aðilum:
Gyðu Steinsdóttur f.h. Framfarafélags Flateyjar
Guðrúnu í Byggðarenda
Hafþór Hafsteinssyni og Lísu Kristjánsdóttur
Írisi Hrannarsdóttur*

Umsagnir bárust frá umsagnaraðilum.

Helstu athugasemdir sem komu fram varðaði lóð A1, starfsmannaaðstöðu, voru hvort breyta megi notkun hússins í frístundahús í framtíðinni. Það verður ekki gert nema með breytingu á deiliskipulagi skv. skipulagslögum. Lóð A2, varðandi hámarkshæð geymsluskúrs 4,5 m. Tekið er undir athugasemdina og hámarkshæð lækkuð í 3,5 m og er miðað við núverandi gólfhæð. Lóð A5, varðandi stærð olíutanka, á skiplagsuppdætti er talað um 1000 l. Þar er um innsláttarvillu að ræða og eru tankarnir 10.000 l. Verður það leiðrétt. Einnig var gerð athugasemd varðandi staðsetningu lóðar, nefndin tekur undir athugasemdina og verður staðsetningin lagfærð í samráði við Orkubú Vestfjarða og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða varðandi frágang lóðar. Athugasemd barst einnig um að samningar lægu ekki fyrir um að ljósavél Orkubús Vestfjarða færi inn í frystihúsið. Þeir samningar liggja alfarið á milli Orkubús Vestfjarða og Þrískerja. Samþykkt samhljóða.

4. 1512001 – Skerðingsstaðir 2, 139679.

4.1 Stofnun lóðar, Klettaborg, umsókn frá Gústaf Jökli Ólafssyni.

Nefndin samþykkir stofnun lóðarinnar Klettaborgar, landnúmer 223797, 15,6 ha. úr landi Skerðingsstaða 2, 139679. Samþykkt samhljóða.

4.2 Stofnun lögbýlis, Klettaborgar, úr landi Skerðingsstaða 2, umsögn.
Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lögbýlisins Klettaborgar úr landi jarðarinnar Skerðingsstaða 2. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

5. 1509016 – Vestfjarðavegur milli Bjarkalundar og Skálaness í Reykhólahreppi.
Ákvörðun um matsáætlun, erindi frá Skipulagsstofnun dagsett 1. desember 2015.
Lagt fram og kynnt.

6. 1509013 – Flateyjar- og Staðarhöfn.
Fundur með vegamálastjóra 13. nóvember 2015, farið yfir efni fundarins og niðurstöður, minnisblað berst frá Vegagerðinni í byrjun nýs árs.
Formaður fór yfir helstu niðurstöður fundar sem hann og sveitarstjóri sátu þann 13. nóvember 2015.

7. 1503005 – Fundargerð 379. fundar Hafnasambands Íslands.
Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12.10.

_____	_____
_____	_____
_____	_____